

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 129/2010

frá 10. desember 2010

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEDANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2010 frá 1. október 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/4/ESB frá 8. febrúar 2010 um breytingu á III. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga hann að tækniframförum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 76/768/EBE) í XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32010 L 0004**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/4/ESB frá 8. febrúar 2010 (Stjtið. ESB L 36, 9.2.2010, bls. 21).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2010/4/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. desember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 332, 16.12.2010, bls. 51, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 16.12.2010, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 36, 9.2.2010, bls. 21.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. desember 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.